

Mál nr 3/2016

Ár 2016, mánudaginn 5. september, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 3/2016

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 25.janúar 2016 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærði (Y) hafi gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina Z við rakkann Q þar sem tíkin var ekki með gilt augnvottorð við þörun. Kæran var send kærða til umsagnar með bréfi dagsettu 17. mars 2016 og honum gefinn frestur til 14. apríl til að skila inn andmælum. Ekki barst svar innan tilskilins frests og var kærða send ítrekun dags 18. apríl og gefinn viðbótarfrestur til 25. apríl, sem kærði sinnti ekki heldur um að svara. Siðanefnd taldi að svo búnu að kærði myndi ekki reyna að halda uppi vörnum í málinu og ákvað því að taka málið til úrskurðar byggt á fyrirbyggjandi gögnum frá skrifstofu HRFÍ.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu þörunarvottorði dagsettu 21. desember 2015 var tíkin Z þöruð við rakkann Q hinn 8. ágúst 2015. Við þörunina var tíkin ekki með gilt augnvottorð. Hundarnir eru af hundakyninu Labrador retriever og er tíkin í eigu kærða. Kærandi telur að með þöruninni hafi kærði gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærði hefur ekki nýtt sér andmælarétt sinn né á nokkurn hátt reynt að útlista sín sjónarmið í málinu þrátt fyrir ítrekuð tilmæli nefndarinnar.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Labrador retriever:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við þörun (Gildir frá 1.nóvember 1999). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012)“

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörunin átti sér stað var tíkin ekki með gilt augnvottorð. Augnvottorðið er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins og mikilvægt að það liggja fyrir við pörun til þess að tryggt sé að hundarnir beri ekki með sér arfgengan augnsjúkdóm. Tíkin var augnskoðuð 27. nóvember 2015 og til allra heilla stóðst hún skoðun. Það breytir þó ekki brotinu að tíkin hafi staðist skoðun eftirá, það var ekki fyrirséð.

IV. Niðurstaða.

Kærði, Y telst hafa gerst brotlegur við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærði er áminntur.

f.h. siðanefndar

Guðrún Margrét Baldursdóttir

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Kristín Sveinbjarnardóttir